# Bréf frá Árna Stefánssyni

Bjarni Benediktsson – Einkabréf – Póstkort – Skeyti – Berlínarárin – 1931 – 1932 – Árni Stefánsson

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Ræður og greinar
Askja 1-6, Örk 6

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Skrifa 26-okt-'32.

Húsavík 27 Sept. 1932

Kæri frændi minn.

Mikið vel þakka eg þér bréf þitt síðast, skrifað í Kaupm.-höfn. — Þó eg hafi ekkert til að segja þér skrifa eg þér til þess að bjóða þig sem allra best velkominn til landsins aftur, og svo til að sýna þér vott um það að eg samgleðst þér yfir þínu láni að fá svona háa stöðu. Það hefir líklega ekki oft komið fyrir að jafn ungur maður hefði náð slíkri stöðu.

Um Svein bróðir þinn hefir nú verið mikið rætt hér og hann ekki sem best látinn af sjúkra mönnum þeir kenna honum um hvarf Guðm. Skarphéðinss. og skilja nú það á þeim að hann muni ekki hafa fyrirfarið sér, eða af slysum drukknað, heldur muni íhaldsmenn vera valdir að. Að sönnu var það leiðinlegt að maðurinn skyldi fara svona, einn og það hefði orðið vegna árása Sveins. Margur hefir nú fengið aðra eins áreitni og staðist af sér.

Einn Krati af Siglufirði hefir verið hér í ýmsum kaupa-erindum. Kristjan Dýrfjörð, sá sem best þekkist í samningamálum Sveins. Hann sat að kaffidrykkju hjá Þórarni bróðir. Heyrði eg Þórarinn spyrja hann hvort hann héldi að Guðm. Skarph. mundi hafa viljandi dregist undan skatti; en Dýrfjörð sagði svo frá: að skattstjóri hefði spurt Guðmund að því hvað allt væri talað fram

í Skýrslunni; og hvað ekki vantaði einu þúsi;
þá hafði Guðrún lokið upp vasabók sína og litið í
og sagt að svo mundi vera að vantaði 2000 kr. upp á.
Sveinn hafi ekki farið rétt með að skattanefnd hafi
gefið honum skattinn. En almennt hafi verið sagt, að engin
hafi samviskusamlegar talið fram til skatts en Guðrún.
Hann hélt að nokkurt álag mundi vera á reikningsfærslu
hans, og búi hans mundi ekki gera betur en hrökkva
fyrir skuldunum. Eg held að þóttleikur enginn
hafi verið að hendi í þennan mann

Nú er hér lítið um stjórnmála þras. Framsóknar
og Sjálfstæðis gefa nú ekkert deilt í stjórninni. Helsta
pólitíska málið hér er Reykjaheiðarvegurinn þótt undar-
legt sé þá hafa flestir Framsóknarmenn og jafnaðarmenn
verið á móti veginum; allt Sjálfstæðið sem hafa gefið til
vegarins nema ef til vill Bjarklind. Nú hafi verið veitt
til vegarins til að leita um hann og mæla hann, svo sem
2 þús.

Jónas Stefáns kom hér um daginn og ætlaði að halda
fund með Framsókn í nýlega stofnuðu Framsóknarfél.
en fyrst fyrir, hefi kannske þótt fáir, þá held eg
að þeir hafi komist upp í 25-8 sem gengu í félagið
og en þó flest starfsmenn Kaupfélagsins

Þetta bréf er eins og vant er, óvandað að öllu leyti
leit þig að fyrirgefa það. Bið þig samt að skrifa mér einhvern-
tíma þá þú sérð nú tímann en þá lengra frá mér

Bestu ósk um góða framtíð

þinn einl. Árni Stefánsson

Húsavík 17 des. 1932

Kæri frændi:

Þitt síðasta bréf þakka ég. Í mínu síðasta bréf hafði ég minnst á mál þeirra Sveins og Guðm. Skarphéðinssonar og varst farinn mjög vilt í málið. En héðan af er best að láta það eiga sig, og verður líklega ekki ritað neitt af nokkrum.

Það besta sem stjórnin hefir nú gert, er það, að reka Lárus burt af Kleppi, en setja Helga aftur í sitt embætti. Það var með því ósmekklegasta af verkum Jónasar, gagnvart sjúklingunum, og öllum, að setja Lárus yfirlækni við spítalann. Lárus var hér nóg þekktur til þess að finna það hvernig hann mundi reynast. Þótt maður slepti brottrekstri Helga, sem var nú einstök stjórnarathöfn.

Sveinn þarf nú að fara að hugsa til afstöðu eftir fyrri stjórn, og mun þó sinn blettur aldrei nást. Varla get ég efast um það að Magnús Guðm. setjist í sinn ráðherrastól aftur þegar mál hans kemur úr hæstarétti. Ég kann betur við hann sem ráðherra heldur en Ólaf Thors. Nú þykir mér farið að verða nokkuð róstusamt í Reykjavík, og hætt við því að það verði ekki hægt að bæla það niður með auknu lögregluliði; það kemur bara öðru vísi fram. Meira um launvíg og ofsa.

Hér má heita friður. Af og til ber á ókyrrð þegar einhver forsprakki Kommúnista kemur og geltir hér. Þeir Jón Rafs og Jens voru hér í aðra viku í haust

og ætluðu að láta gera verkfall við slátur húsin
en það tókst ekki, þótt lagt væri kaupið. Það hefir
dregið mjög úr kommunistunum hér, að þeir hafa orðið
að gera út báta sjálfir, og jafnvel þurft að ráða til sín
fólk uppá kaup, en það er mesta eytur fyrir kommun-
istana að þurfa að veita atvinnulausu fólki vinnu og svo
ef til vill hátt kaup sem útgerðin alsekki þolir.
Heldur sitja þeir í landi þó sæmilegur afli væri, og
vinna sjálfir að fiskþurki o. fl.
Nýlega hafa verið haldnir fundir um eitt mál sem
snertir Húsavík mjög, og eg held að flestir sé sammála
um, ef hægt er að koma í framkvæmd, vegna félagsins
Það er vatnsleiðsla frá hvernum í Reykjahverfi hingað
til bæjarins; ætlað til upphitunnar o. m. fl. Hitinn
í hvernum er um 100 stig en búist við að kólni við sam-
færslu og á leiðinni út ofan um 10 gr. Vegalengdin er um
18 k.m. Hæð um 450 fet. Þetta mál kom til umræðu
hér á Iðnaðarm. félagsfundi í fyrra haust, og var því vísað
til hreppsnefndarinnar, en hún sendi eitthvert plagg
sem átti að leggja fyrir þingið, en þingmaður okkar hefir
lítt vakað við það. Nú hefir Sveinbjörn byggingar-
meistari tekið málið fyrir til athugunar og gert áætlun
um kostnaðinn, og jafnvel leitað leið til að fá lán til
þessa fyrirtækis. Hann gerir ráð fyrir að kostnaðurinn
muni alveg geta farið yfir 400 þús. En útlent efni
muni ekki fara yfir 130 þús. Hann sannaði gagn fyrirtækis-
ins mjög vel í ræðum sínum á fundunum, svo flestir

fengi Árni á málum. Þá hélt hann að væri mögu-
legt að fá hjá lífsábyrgðarfél. Thule. Því það hefði mikið
fé með höndum og hefði grætt mjög íslenskt fé
Geysilegar framtíðar spár um vöxt og viðgang Húsavíkur
hafa komið fram á þessum fundum og bæði nýbýli í
Reykjahverfi og í grend við Húsavík. Ég gef nú
lítið fyrir þá spádóma, en hitt er víst að þó ekki væri
litið á annað en sem nú er, og vatnið aðeins notað til
upphitunar þá fara ekki meiri peningar til afborg-
unar og vaxta af 400 þús., heldur en það sem brennt er
af kolum og varið til upphitunar hér. En vatnið
verður heft að minsta kosti helmingi meira en þarf til þess
Ég læt nú útrætt um þetta mál að sinni; en hef
orðið fjölorður um það af því ég hef áhuga á þessu og væri
gaman að þú gæfir álit þitt um sama mál.
Réttast er nú að fara að hætta þessu skrifi sem ekki
gerir annað en tefja fyrir þér.
Svo býð ég þér gleðileg jól. og óska öllum
heima og góðs líðan
Þinn frændi Árni Jónsson